

Ed.

72. Nefndarálit

[33. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um viðauka við lög nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við athugun á máli þessu voru lögð fram gögn um tjón á veiðarfærum vegna óveðurs, er gekk yfir landið dagana 17.—28. marz s. l. Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi ísl. útvegsmanna sendi skrifstofa þeirra út umburðarbréf, dags. 28. marz 1967, til meðlima sinna, þar sem beðið var um upplýsingar um tjón, er stöfuðu af óveðrinu, er geisaði á fyrrnefndum dögum. Beðið var um, að upplýsingarnar væru komnar fyrir 10. apríl. Alls svöruðu 268 bátar, og við mat á upplýsingum frá þeim var um tjón upp að 30 millj. kr. að ræða.

Með bréfi, dags. 5. maí, snýr L.Í.Ú. sér til sjávarútvegsmálaráðherra varðandi úrlausn í bótaformi til handa útvegsmönnum vegna stórtjóns á veiðarfærum í óveðrinu. Þegar þetta bréf var ritað, voru aðeins skýrslur komnar frá 147 bátum með tjón á um 18.7 millj. Enn fremur segir orðrétt:

„Í greinargerð fyrir frumvarpi til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem lagt var fram á hinu háa Alþingi í febrúar s. l., er áætlað, að framlag vegna 8% viðbótar við fiskverðið muni nema 100 milljónum króna.

Miðað við þær upplýsingar, sem vér höfum um aflabrögð á þessari vertíð, virðist oss, að verulegur afgangur muni verða af þeim hluta fyrrgreindra verðbóta, sem ætlaðar voru til verðuppbóta á vertíðaraflann.“

Reynslan varð sú, að heildaraflí varð aðeins 175580 tonn á s. l. vertíð hjá bátafлотanum og því til muna minni en vænta mátti og ráð hafði verið gert fyrir.

Sjávarútvegsmálaráðherra samþykkir beiðni L.Í.Ú., og með bréfi, dags. 12. maí s. l., er ávísun á 12.5 millj. kr. send til samtakanna til ráðstöfunar til þeirra, er fyrir tjóninu urðu.

Á skrifstofu L.Í.Ú. er unnið úr tjónaskýrslum, og tillögur um bætur eru sendar til Fiskifélags Íslands til athugunar og gagnrýni. Með bréfi, dags. 24. maí s. l., ritar Fiskifélag Íslands stjórn L.Í.Ú. og samþykkir tillögurnar og telur, að vel hafi tekizt um skiptingu bótanna.

Við afgreiðslu málsins lá áðurnefndur listi frammi, og kom í ljós, að bætur voru frá kr. 10275.00 til kr. 61650.00 á bát.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu L.Í.Ú. komu ekki kvartanir um niðurlögnun bótanna, og útvegsmenn mátu mikils góða hjálp, eins og á stóð.

Sjávarútvegsnefnd er sammála um að mæla með frumvarpinu. Við afgreiðslu málsins var einn nefndarmanna, Ólafur Jóhannesson, fjarverandi.

Alþingi, 7. nóv. 1967.

Pétur Benediktsson,
form.

Sveinn Guðmundsson.

Jón Árm. Héðinsson,
fundaskr., frsm.

Jón Árnason.

Gils Guðmundsson.

Bjarni Guðbjörnsson.